



Reykjavíkurborg

101 Reykjavík

## Kjóstu gegn minnkandi kjörsókn!

Kæri nýi kjósandil

Til hamingju með þitt X! Nú ert þú í fyrsta sinn í hópi kjósenda í borgarstjórnar-kosningum og með þínu X-i hefur þú áhrif á hvernig borginni verður stjórnað næstu fjögur árin.

Því miður hefur kjörsókn meðal ungs fólks minnkað mikið á undanförnum árum. Til dæmis kaus minna en helmingurinn af þessum hópi í síðustu borgarstjórnar-kosningum, eða aðeins um 45%.

Við vonum að kjörsóknin í þínnum hópi verði meiri í kosningunum núna laugardaginn 26. maí. Þú getur notað þitt X til að hjálpa til við að snúa þessari þróun við.

### Svona kjýstu 26. maí

Til að kjósa þarfutu að mæta á kjörstað, en þinn kjörstaður er Ráðhús Reykjavíkur og er hann opinn frá kl. 09.00–22.00 á laugardaginn, kjördag. Mundu að taka með þér skilríki með mynd og kennitölu.

Ef laugardagurinn 26. maí hentar ekki geturðu farið í Smáralind og kosið utan kjör-fundar. Opið er alla daga milli kl. 10.00–22.00 til og með föstudeginum 25. maí.

Í borgarstjórnarkosningunum velur þú milli 16 framboða. Þú getur kynnt þér þau og áherslur þeirra á egkys.is. Á síðunni er líka að finna upplýsingar um helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar.

Taktu þitt pláss. Nýttu þitt X!

Með kosningakveðju,  
Reykjavíkurborg





Reykjavíkurborg

101 Reykjavík

## Það er borgaraleg skylda að kjósa!

Kæri nýi kjósandi.

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

Kosningaréttinum fylgir mikil ábyrgð, og með því að kjósa sinnir þú lýðræðislegri skyldu þinni, eins og mikill meirihluti Íslendinga gerir í hverjum kosningum. Ef fólk eins og þú mætir ekki á kjörstað þá er lýðræðinu ekki bara ógnað heldur hefur þú ekki áhrif. Þess vegna er mikilvægt að taka þátt í þeim kosningum sem haldnar eru.

Gerðu skyldu þína sem íbúi Reykjavíkur, notaðu þitt X og kjóstu þann 26. maí!

### Svona kýstu 26. maí

Til að kjósa þarftu að mæta á kjörstað, en þinn kjörstaður er Ráðhús Reykjavíkur og er hann opinn frá kl. 09.00–22.00 á laugardaginn, kjördag. Mundu að taka með þér skilríki með mynd og kennitölu.

Ef laugardagurinn 26. maí hentar ekki geturðu farið í Smáralind og kosið utan kjörfundar. Opið er alla daga milli kl. 10.00–22.00 til og með föstudeginum 25. maí.

Í borgarstjórnarkosningunum velur þú milli 16 framboða. Þú getur kynnt þér þau og áherslur þeirra á egkys.is. Á síðunni er líka að finna upplýsingar um helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar.

Taktu þitt pláss. Nýttu þitt X!

Með kosningakveðju,  
Reykjavíkurborg





Reykjavíkurborg

101 Reykjavík

## Kjóstu því þín skoðun skiptir máli!

Kæri nýi kjósandi!

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

Þín kynslóð hefur skoðanir og hagsmuni og í kjörklefanum gefst þér tækifæri til að nota þitt X til þess að hafa áhrif. Þó að nýir kjósendar hafi ekki langa reynslu af kosningum eru þeir nákvæmlega jafnhæfir og þeir sem eldri eru til þess að leggja mat á hvað skiptir þá mestu máli. Með því að nota þitt X lætur þú rödd ungs fólks heyrast betur.

### Svona kýstu 26. maí

Til að kjósa þarftu að mæta á kjörstað, en þinn kjörstaður er Ráðhús Reykjavíkur og er hann opinn frá kl. 09.00–22.00 á laugardaginn, kjördag. Mundu að taka með þér skilríki með mynd og kennitölu.

Ef laugardagurinn 26. maí hentar ekki geturðu farið í Smáralind og kosið utan kjörfundar. Opið er alla daga milli kl. 10.00–22.00 til og með föstudeginum 25. maí.

Í borgarstjórnarkosningunum velur þú milli 16 framboða. Þú getur kynnt þér þau og áherslur þeirra á egkys.is. Á síðunni er líka að finna upplýsingar um helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar.

Taktu þitt pláss. Nýttu þitt X!

Með kosningakveðju,  
Reykjavíkurborg





Reykjavíkurborg

101 Reykjavík

## Takk fyrir að kjósa!

Kæri nýi kjósandi

Til hamingju með að tilheyra nú í fyrsta sinn hópi kjósenda í borgarstjórnarkosningum!

Kærar þakkar fyrir að nota þitt X! Lýðræðið er ekki sjálfsagt og veltur á því að fólk eins og þú fylgist með og leggir þitt af mörkum. Við vitum að það tekur smá tíma að setja sig inn í málin og kjósa en við kunnum svo sannarlega að meta þitt framlag því það er gott fyrir samfélagið – okkur öll. TAKK!

## Svona kýstu 26. maí

Til að kjósa þarftu að mæta á kjörstað, en þinn kjörstaður er Ráðhús Reykjavíkur og er hann opinn frá kl. 09.00-22.00 á laugardaginn, kjördag. Mundu að taka með þér skilríki með mynd og kennitölu.

Ef laugardagurinn 26. maí hentar ekki geturðu farið í Smáralind og kosið utan kjörfundar. Opið er alla daga milli kl. 10.00-22.00 til og með föstudeginum 25. maí.

Í borgarstjórnarkosningunum velur þú milli 16 framboða. Þú getur kynnt þér þau og áherslur þeirra á egkys.is. Á síðunni er líka að finna upplýsingar um helstu viðfangsefni Reykjavíkurborgar.

Taktu þitt pláss. Nýttu þitt X!

Með kosningakveðju,  
Reykjavíkurborg

